

Wood Oil Classic Tréolía

Flügger Wood Oil viðarolía er vörulína sem samanstendur af ýmiss konar vörum til olíumeðhöndlunar á við utanhúss. Olían ver yfirborð viðarins, en dregur um leið fram byggingu viðarins og æðamynstur.

Vörulýsing

Sígild viðarolía sem smýgur vel inn í viðinn, lágmarkar rakaupptöku og dregur fram æðamynstrið í viðnum. Viðarolía með litarefni veitir bestu vörnina gegn skaðlegum útfjólubláum geislum frá sólinni. Hamlar vexti myglu og sveppagrodurs a yfirborði lokaumferdar.



- Dregur fram æðamynstur viðarins
- Ljær viðnum ljóma
- Lágmarkar rakaupptöku

Notkunarmöguleikar

Fyrir viðarpalla og -girðingar, garðhúsgögn, glugga og hurðir. Ljósar viðartegundir, gagnvarinn viður.

Undirlag

Undirlagið þarf að vera ídrægt, hreint, þurrt, þétt og henta til yfirmálunar. Efnið má ekki nota á undirlag sem hefur verið lakkað, málað eða meðhöndlað með þekjandi viðarvörn. Forðast ætti þverskorinn við með ófullnægjandi vernd, vatnsgilddur eða mögulega uppsöfnun vatns. Rakahlutfall í viði fyrir málun má að hámarki vera: 18 %.

Meðhöndlun

Flagnandi eldri viðarvörn og trosnaðar viðartrefjar er fjarlæggt með hreinsun og slípun. Óhreinindi, fita og smitandi efni skal fjarlægja með Flügger Terrasserens. Þörunga, myglu- og sveppagróður skal fjarlægja með því að hreinsa með Facade Anti-green. Ójöfnur á yfirborðsflatinum skal þússa þar til flöturinn er sléttur.

Notkun

Berið á með pensli eða rúllu og látið smjúga vel inn í viðinn. Val á verkfærum ætti að ráðast af kröfum um endanlegt útlit. Notið „blautt á blautt“-aðferð við málunina og strjúkið penslinum ævinlega í sömu átt. Endurtakið meðhöndlun þar til viðurinn hefur mettast og hefur einsleita áferð, án þess að lakklag hafi myndast. Viðarolía er strokin af. Forðast verður alla rakaþéttingu. Forðist að vinna í beinu sólarljósi. Kuldi og aukinn loftraki lengir þornunartímann, herðingartímann og tímann sem líður milli umferða. Hærri lofthiti og lítill loftraki stytta þornunartímann og herðingartímann. Gerið ævinlega prufu til að kanna viðloðun og útlit.

Væntanleg útkoma

Litlaus eða gagnsæ. Áætluð ending er 1 ár. Yfirborðspolið fer eftir gæðum viðarins, byggingu viðarins, aðferðum við meðhöndlun og váhrifum. Endingartími kann því að vera skemmri eða lengri en gefið er upp.

Athugið!

Verjið nýlega málað yfirborð gegn óhagstæðu veðri.

Gerið viðeigandi ráðstafanir til að verjast áhrifum raka og rigningu á nýlega málað yfirborð.

Yfirborðið nær hámarksstyrk þegar það er fullharðnað.

Umhverfisupplýsingar

Fjarlægið eins mikla málningu og mögulegt er fyrir þvott með penslahreinsir. Ekki hella leifum málningar í niðurfall. Farið með þær í endurvinnslustöð. Lágmarkið málningarúrgang með því að reikna út fyrirfram hversu mikla málningu þarf. Geymið málningarafgang á viðeigandi hátt svo hægt sé að nota hann síðar, sem dregur úr umhverfisáhrifum.

Geymsla: Á svölum, frostlausum stað og vel lokað

Tæknilegar upplýsingar

Vara	Tréolía
Eðlisþyngd (kg/l)	0.85
Þurrefnisinnihald vigt %	32
Þurrefnisinnihald rúmmál %	28
Efnisnotkun (m ² /ltr.)	8
[wetgoodTDSCoverageLong]	10
[wetgoodTDSCoverageShort]	4
Lág. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun	Min. +5°C
Loftraki	Hámarks loftraki 80% RH.
Þurrktími við 20°C, 60% RH (Timar)	6
Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF	12
Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF	28
Þynning	Má ekki þynna
Þrif á verkfærum o.s.frv.	Penslahreinsir

Núverandi TDS útgáfa

desember 2021

Í staðinn fyrir TDS útgáfu

desember 2021